

Miðvikudaginn 15. apríl 2026, var aukabing. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á skrifstofu Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12, Ísafirði og í gegnum fjarfundarbúnaðinn Team. Hófst aukþingið kl. 11:00. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

## Þingsetning

Gylfi Ólafsson formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 11:01 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Gylfi gerði að tillögu að þingforseti yrði Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ. Tillagan var samþykkt og tók þingforseti Nanný Arna Guðmundsdóttir við fundarstjórn og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna. Þingforseti gerði að tillögu sinni að varaþingforseti yrði Magnús Einar Magnússon, Ísafjarðarbæ og að þingritari yrði Magnús Þór Bjarnason starfsmaður Vestfjarðarstofu. Tillagan samþykkt.

Þingforseti tilkynnir um að hér sé um hennar síðasta Fjórðungsþing þar sem hún hættir í sveitarstjórn eftir komandi kosningar eftir 12 ára setu í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, þakkaði hún sveitarstjórnarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf.

Þingforseti tilkynnti að samkvæmt skráningu þingfulltrúa væri mætt væri fyrir 6.479,74 atkvæði, eða 66,45% atkvæða en ónýtt atkvæði væru 3271,26.

Því næst var gengið til dagskrár:

## 1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga sem stjórn FV ber ábyrgð á

Þingforseti gaf Gylfa Ólafssyni formanni Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV). Gylfi Ólafsson tók til máls og flutti skýrslu stjórnar.

Stjórn FV hefur fundar 11 sinnum á starfsárinu og hefur hagsmunagæsla gagnavart stjórnvöldum verið þar umfangsmest. Umsagnir hafa flestar verið sendar inn í nafni FV og VFS, ein tillaga er varðar strandveiðar fór út í nafni Sóknarhóps Vestfjarðastofu (VFS), þar sem ekki var samhljóða samþykki til staðar innan stjórnar VFS.

Umsagnir um sjávarútveg og aðrar auðlindagreinar eru veigamiklar og nú er það lagareldisfrumvarpið sem vinnan snýst mest um. Hagsmunagæsla FV hefur borið góðan árangur. Þannig var hlustað á sjónarmið Vestfirðinga að hluta við breytingar á skattlagningu skemmtaferðaskipa, þar sem gjald var lækkað eftir málefnalega gagnrýni FV.

Núverandi athygli er á að raforkumálum og Hvalárvirkjunar, nýjasta kærán sýnir hvað lagaramminn er flókin þar sem þeir sérfræðingar sem starfa innan laganna og þekkja þau

eru gagnrýndir fyrir framsetningu mála. Þetta er mikið áhyggjumál til framtíðar, að ekki sé hægt að treysta því að þær ákvarðanir og álit sem gefin eru standist kærur.

Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um svæðisskipulag og ársfund Vestfjarðastofu.

Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar þingskjal 4.

Til máls tók: Þorgeir Pálsson, Strandabyggð.

## **2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðanda FV og rekstrareikninga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á**

Þingforseti gaf næst Jóhann Birki Helgasyni, formanni fjárhagsnefndar FV orðið fyrir hönd Fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins, hann flytur erindi sitt um fjarfundabúnað.

Fór hann yfir ársreikning fyrir árið 2025 sem var staðfestur á stjórnarfundi 26. febrúar 2026 en fyrir lá einnig samhljóða tillaga fundar fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins 18. febrúar 2026. Ársreikningur var sendur til sveitarfélaga 26. febrúar 2026 og settur á heimasíðu með gögnum þingsins sama dag.

Jóhann Birkir kynnti skýrslu endurskoðanda og skýrslu stjórnar þar sem sett er fram það álit að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri og efnahag FV í árslok 2025. Jóhann Birkir kynnti síðan niðurstöður rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og sjóðstreymis. Ársreikningi fylgdu skýringar og rekstrarreikningur þriggja deilda en vísaði til gagna þingsins og svaraði fyrirspurnum ef óskað er, en rekstarniðurstaða deilda væri samræmi við áætlun. Ársreikningur og skýringar með ársreikningi og fyrir rekstri einstakra deilda Fjórðungssambandsins vísast til [þingskjals nr. 5](#).

Þingforseti gaf orðið laust, Gylfi Ólafsson tekur til máls.

Á grundvelli tillögu fjárhagsnefndar og samþykki stjórnar Fjórðungssambandsins þá gerði Jóhann Birkir að tillögu til þingsins að ársreikningur FV 2025, verði samþykktur.

Þingforseti bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

## **3. Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050. Staða og úrvinnsla umsagna.**

Þingforseti kynnir Hrafnkel Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf, og Herdísí Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf og gefur þeim orðið. Kynning þeirra fór fram í gegnum fjarfundabúnað.

Hrafnkell kynnti efni erindis þeirra, þar sem farið er yfir stöðu við gerð kynningartillögu Svæðisskipulags Vestfjarða. Tillagan var opin til umsagnar í [Skipulagsgátt](#) frá 16. febrúar til

7. apríl s.l. og haldnir voru þrír opnir fundir á Vestfjörðum til kynningu á efni hennar auk þess að svarað var fyrirspurnum. Alls skiluðu síðan 13 aðilar umsögn þar af 11 hagaðilar og 2 einstaklingar, 22 hagaðilar gerðu ekki athugasemd við efni tillögunar.

Herdís tók nú til máls og fór yfir efnisinntök og andlag svara nefndarinnar við einstökum innsendum umsögnum samkvæmt afgreiðslu 25. fundar svæðisskipulagsnefndar þann 14. apríl s.l..

Herdís kynnti síðan að meginniðurstaðan nefndarinnar var að athugasemdir, gefi ekki tilefni til efnislegra breytinga á tillögunni, en þörf sé á að gera nokkrar lítilsháttar lagfæringar og skerpa orðalag á stöku stað.

Hrafnkell fer yfir næstu skref við vinnu Svæðisskipulags en skipulagsnefndin mun skila greinargerð þar sem skýrð eru viðbrögð við efni umsagna. Í framhaldi af því mun nefndin um næstu mánaðarmót óska eftir afgreiðslu sveitarstjórna á tillögu um samþykki hennar. Í framhaldinu mun Húsnæðis, mannvirkja og skipulagstonfun (HMS) fara yfir afgreiðslu sveitarstjórna á tillögunni, en að óbreyttu mun tillagan vera auglýst í Stjórnartíðunum.

Afgreiðsla tillögunnar að mati Hrafnkels mun verða á vegum nýrra sveitarstjórna að aflokum kosningum þann 16. maí n.k.. Umboð núverandi svæðisskipulagsnefndar er þá samtímis lokið og mikilvægt að nýjar sveitarstjórnir skipi nýja fulltrúa í nefndina til að til staðar sé starfandi svæðisskipulagsnefnd lögum samkvæmt.

Vísast að öðru leyti til [kynningarglæra](#)

Þingforseti gaf nú orðið til Aðalsteins Óskarssonar, sviðsstjóra og starfsmanns svæðisskipulagsnefndar. Hann þakkaði vinnu nefndarmanna og ráðgjafa við gerð svæðisskipulagsins og lýsti þeirri skoðun að komið væri fram stefnuskjal fyrir samvinnu sveitarfélaganna og sem tæki í hagsmunabaráttur fyrir landshlutann.

Þingforseti þakkar erindin og gefur orðið laust.

Til máls tóku: Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbær. Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, Vestfjarðastofa. Þorgeir Pálsson, Strandabyggð. Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð.

Þingforseti óskaði eftir að varapingforseti tæki nú við stjórn þingsins.

Magnús Einar tók við stjórn þingsins og gaf orðið laust.

Til máls tók Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ.



Varaforseti kynnti nú að dagskrá þingsins væri tæmd og óskaði heimildar til að ganga frá þinggerð í samráði við ritara þingsins og gaf síðan orðið til formanns FV.

Gylfi Ólafsson, formaður þakkaði fyrir störf þingsins og sleit því kl 12:01.

Nanný Arna Guðmundsdóttir, þingforseti

Magnús Einar Magnússon, varaþingforseti

Magnús Þór Bjarnason, þingritari